

12. Reglugerð um uppstillingarnefnd

- 12.1 Fyrir lok janúar ár hvert skal stjórn vera búin að ákveða dagsetningu aðalfundar.
- 12.2 Þeir stjórnarmenn sem eru að ljúka sínu kjörtímabili skulu í síðasta lagi mánuði fyrir aðalfund vera búnir að tilkynna á stjórnarfundi hvort þeir hyggist bjóða sig fram að nýju, sami frestur gildir fyrir formann.
- 12.3 Uppstillingarnefnd tekur til starfa ekki síðar en mánuði fyrir aðalfund, samkvæmt tilkynningu frá ritara stjórnar. Þá hefur stjórn skipað formann nefndarinnar.
- 12.4 Uppstillingarnefnd fær þá þegar upplýsingar frá stjórn um það hverjir stjórnarmanna gefi kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Einnig skulu upplýsingar liggja fyrir um það hvort formaður gefi kost á sér til áframhaldandi starfa.
- 12.5 Framboðsfrestur rennur út viku fyrir boðaðan aðalfund.
- 12.6 Hafi ekki nægjanlegur fjöldi framboða borist við lok framboðsfrests skal fresturinn framlengjast þar til uppstillingarnefnd hefur náð að tryggja að framboð berist til allra embætta sem kosið er í. Náist ekki að tryggja nægjanlega fjölda framboða eru allir fullgildir félagar í kjöri.
- 12.7 Uppstillingarnefnd skal tilkynna að hún hafi hafið störf með greinilegum hætti á heimasíðu Súlna og tilgreinir þau embætti sem kosið verður um og framboðsfrest.
- 12.8 Uppstillingarnefnd kynnir framboð og framkvæmd og sér síðan um framkvæmd kosninga á aðalfundi og lýsir niðurstöðum kosninga.

Framkvæmd kosninga:

- 12.9 Þegar framboð hafa verið kynnt skal kjörseðlum dreift til þeirra sem eru kjörgengir samkvæmt lögum Súlna. Talið skal hve mörgum kjörseðlum var dreift.
- 12.10 Rita skal á kjörseðilinn að hámarki þann fjölda nafna sem kosið er um, rita má færri nöfn en fleiri nöfn ógilda kjörseðilinn.
- 12.11 Að kosningu lokinni skal safna kjörseðlum saman. Kjörseðlarnir skulu taldir að nýju og skal sá fjöldi stemma við fjölda dreifðra kjörseðla.
- 12.12 Uppstillingarnefnd skal fá tvo aðila sér til aðstoðar við talningu atkvæða.
- 12.13 Að kosningu lokinni skal varðveita kjörseðla í einn mánuð.